



Mál nr. S-219/2024

Umsögn Hagþenkis, félags höfunda fræðirita og kennslugagna.

Sameining sjóða - áform um breytingar á lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir

Í tillögum háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins felst að Rannsóknarsjóður, Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna (SSSF) og Innviðasjóður verði sameinaðir í einn sjóð sem styrki grunnrannsóknir.

Hagþenkir telur það vera mjög misráðið að sameina SSSF og hina sjóðina tvo. Varðandi Rannsóknarsjóð þá er hann allt annars konar sjóður en SSSF og er skilgreindur sem „opinn samkeppnissjóður sem hefur það hlutverk að styrkja vísindarannsóknir og rannsóknartengt framhaldsnám“. Allar umsóknir í Rannsóknarsjóð eiga undantekningarlaust að vera á ensku.

Styrkir úr SSSF eru veittir til ritunar „fræðirita og –greina, handbóka, orðabóka og viðamikils upplýsingaefnis á íslensku í ýmsu formi“. Langflestir þeir sem sækja um styrki í Rannsóknarsjóð starfa í háskólum og njóta þar styrks og skjóls til að miðla fræðum sínum. En margt af því mikilvægasta og fróðlegasta sem gefið er út hérlendis er unnið af sjálfstætt starfandi fræðimönnum utan háskólanna. Á sama tíma eru ófáar þeirra fræðibóka sem mestrar hylli hafa notið meðal almennings eftir höfunda sem starfa sjálfstætt og eiga litla sem enga möguleika á styrkjum úr Rannsóknarsjóði. Rétt er að geta þess að þessar sömu bækur rata einnig mjög oft á lista yfir rit sem hafa verið tilnefnd til ýmissa verðlauna, þar á meðal Íslensku bókmenntaverðlaunanna og Viðurkenningar Hagþenkis sem veitt hefur verið árlega allt frá árinu 1987.

Auk þess að lúta í raun allt öðrum lög málum en SSSF er Rannsóknarsjóður margfalt stærri sjóður en SSSF sem þó er langmikilvægasti sjóðurinn sem styrkir sjálfstætt starfandi fræðimenn. Helsta baráttumál Hagþenkis á undanförunum árum hefur verið að stórefla SSSF og hækka umtalsvert framlög í sjóðinn enda er ekki um það deilt að hann er verulega vanfjármagnaður. Fulltrúar félagsins hafa í þessu skyni átt fundi með starfsfólki ráðuneyta og minnt á þetta baráttumál við ýmis tækifæri, til dæmis í umsögn á síðasta ári

um nýja bókmenntastefnu menningar- og viðskiptaráðuneytisins. Þá skrifuðu Gunnar Þór Bjarnason, formaður Hagþenkis, og Henry Alexander Henrysson, stjórnarmaður í félaginu, grein á [visir.is](https://www.visir.is) í nóvember 2023 þar sem vakin var athygli á nauðsyn þess að efla SSSF. Greinin bar yfirskriftina „Þungur róður“ og hana má finna hér: <https://www.visir.is/g/20232482786d/thungur-rodur>.

Hagþenkir telur að með sameiningu sjóðanna þriggja sé veruleg hættu á að hlutur sjálfstætt starfandi fræðimanna, þeirra sem einkum hafa sótt um styrki úr SSSF, verði fyrir borð borinn og varar þess vegna eindregið við því að það verði gert.

Fyrir hönd Hagþenkis,

Gunnar Þór Bjarnason formaður